



17. janúar 2023

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 27. mál á 154. löggjafarþingi

Greiðsluaðlögun einstaklinga (málsmeðferð og skilyrði)

Ofangreint frumvarp felur í sér endurskoðun laga um greiðsluaðlögun einstaklinga nr. 101/2010, sem var fyrir löngu orðin tímabær, en þau lög voru sett á sínum tíma til að bregðast við fordæmalausum aðstæðum sem komu upp í kjölfar bankahrunsins 2008. Hagsmunasamtök heimilanna telja reynsluna sem fengist hefur af þeim lögum því miður hafa sýnt að þau reyndust alls ekki vera sú lausn á vanda heimilanna sem haldið var fram á sínum tíma. Þvert á móti eru fjölmörg dæmi um að einstaklingar hafi sótt um greiðsluaðlögun en fengið synjun og staðið mun verr eftir það en áður. Ólíklegt virðist að mikil breyting verði á því með ofangreindu frumvarpi. Hagsmunasamtökum heimilanna hefur ekki gefist ráðrúm til að greina ítarlega allar þær breytingar sem felast í frumvarpinu, sem eru margar en sumar þeirra efnislega smávægilegar og að talsverðu leyti fremur tæknilegs eðlis. Með þeim fyrirvara leggjast samtökin þó ekki gegn því að svo stöddu að frumvarp þetta nái fram að ganga.

Áherslur Hagsmunasamtaka heimilanna eru að mestu leyti á neytendavernd í viðskiptum heimilanna við lánveitendur og heilbrigðara lánaumhverfi, ekki síst í tengslum við húsnæðislán. Slíkum áherslum er því miður ekki fyrir að fara í lögum um greiðsluaðlögun eða ofangreindu frumvarpi. Úrræðinu er fyrst og fremst ætlað að taka við þegar allt annað um þrýtur vegna óviðráðanlegs skuldavanda. Slíkt úrræði þarf vissulega að vera fyrir hendi, en væri ekki nærri því eins nauðsynlegt ef ekki væri fyrir það hvikula og ómannúðlega fjármálaumhverfi sem íslensk heimili búa við. Neytendur eru lítið sem ekkert verndaðir fyrir óvæntum og óhóflegum stökkbreytingum skulda og greiðslubyrði. Í stað þess að vera sífellt í þeirri stöðu að þurfa að bregðast við slíkum vandræðum ætti að leggja miklu meiri áherslu á að koma í veg fyrir þau með öflugri neytendavernd og heilbrigðu fjármálaumhverfi. Hagsmunasamtök heimilanna hafa lagt fram fjölmargar tillögur í þeim efnum sem mættu fá meiri hljómgrunn.

Þegar áform um ofangreint frumvarp og drög að því voru birt í samráðsgátt stjórnvalda í fyrra veittu Hagsmunasamtök heimilanna ítarlegar umsagnir þar sem helstu áherslur og sjónarmið voru reifuð en lítið sem ekkert tillit er tekið til þeirra í frumvarpinu og eru þau því hér með ítrekuð (sjá fylgiskjöl).

- 0 -

Virðingarfyllst,

f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Guðmundur Ásgeirsson, varaformadur@heimilin.is



13. október 2023

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um mál nr. S-175/2023 í samráðsgátt stjórnvalda

Breytingar á lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga

Með þeim frumvarpsdrögum sem hér eru til umsagnar eru lagðar til margvíslegar breytingar á lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga, nr. 101/2010. Endurskoðun þeirra laga var löngu orðin tímabær og er því jákvætt að slík endurskoðun sé hafin. Áform þess efnis voru birt í samráðsgátt síðastliðið sumar. Hagsmunasamtök heimilanna sendu þá umsögn um málið þar sem reifaðar voru helstu áherslur sem samtökin töldu að hafa ætti til hliðsjónar við endurskoðunina. Fulltrúum samtakanna var jafnframt boðið til kynningarfundar um fyrirhuguð frumvarpsdrög í ráðuneytinu í september. Strax þá varð ljóst að ekki yrði hægt að koma til móts við allar áherslur samtakanna, enda var ekki við því að búast eins og áformin voru lögð upp. Engu að síður eru samtökin almennt hlynnt því að lög um greiðsluaðlögun einstaklinga verði endurskoðuð, en leggja um leið áherslu á að í framhaldi af því verði lagt mat á áhrif breytinganna með tilliti til frekari endurbóta á löggjöf á þessu sviði.

Ofangreind frumvarpsdrög eru umfangsmikil og taka á mörgum ólíkum atriðum sem er misjafnlega flókið að meta hvaða áhrif geti haft í framkvæmd. Hagsmunasamtökum heimilanna hefur ekki gefist ráðrúm til að greina öll þessi atriði í þaula og verða því að hafa ákveðinn fyrirvara á afstöðu sinni til frumvarpsdraganna. Margt í þeim er til þess fallið að gera framkvæmd laganna skýrari og skilvirkari og því ber að fagna. Sem dæmi má nefna að hægt sé að kveða á um gjaldfrest krafna sem standa utan greiðsluaðlögunar þrátt fyrir að ekki verði kveðið á um eftirgjöf þeirra að greiðsluaðlögun lokinni, en það er til þess fallið að skapa betra svigrúm til að endurskipuleggja fjárhag skuldara, ekki síst þegar um er að ræða tímabundna greiðsluerfiðleika. Jafnframt eru ný ákvæði um breytingar á samningi um greiðsluaðlögun vegna óvæntra breytinga á aðstæðum skuldara mjög af hinu góða þar sem þau geta veitt meiri sveigjanleika og aukið líkur á að úrræðið reynist árangursríkt. Þá eru skýrari ákvæði um áhrif frestunar greiðslna á meðan leitað er greiðsluaðlögunar jákvæð, ekki síst að skýrt komi fram að óheimilt sé að leggja á dráttarvexti eða vanskila- og innheimtukostnað vegna þess tíma. Enn fremur er mjög jákvætt að heimild til að víkja frá skilyrði um búsetu á Íslandi verði rýmkuð.

Þrátt fyrir að margt sé til bóta í frumvarpsdrögum telja Hagsmunasamtök heimilanna þau vera því marki brennd að við endurskoðunina hafi einkum verið horft til fortíðar. Þrátt fyrir að mikilvægt sé að draga lærdóm af fenginni reynslu verður einnig að hafa í huga að þær aðstæður sem nú eru uppi eru að mörgu leyti ólíkar þeim sem voru uppi þegar lög um greiðsluaðlögun voru sett árið 2010. Á þeim tíma voru langflest húsnæðislán verðtrygð og höfðu stökkt breyst vegna afleiðinga bankahrunsins, þannig að yfirveðsetning var algengasta vandamálið. Síðan þá hafa óverðtrygð lán rutt sér til rúms í vaxandi mæli sem er af hinu góða, en vegna skarpra vaxtahækkana að undanfögnu sjá margir núna fram á erfiðleika vegna þeirra áhrifa sem þær hafa á greiðslubyrði slíkra lána.

Óverðtryggð húsnæðislán byrjuðu að ryðja sér til rúms frá og með árinu 2011. Óhætt er að segja að íslenskir neytendur hafi tekið þeim vel og hlutdeild þeirra hefur farið sívaxandi en í fyrra náði hlutfall þeirra yfir 55% húsnæðislána. Síðan þá hefur hver vaxtahækkunin rekið aðra með þeim afleiðingum að greiðslubyrði óverðtryggðra lána hefur hækkað gríðarlega hjá mörgum og þeim mun fara fjölgandi á næstu misserum þegar vextir sem voru tímabundið fastir munu losna. Þetta er byrjað að hafa þau áhrif að heimili leita nú aftur í vaxandi mæli í verðtryggð lán sem er þó aðeins skammgóður vermir þar sem hækkun þeirra í takt við verðbólgu mun ganga á það eigin fé sem heimilin hafa náð að mynda í húsnæði sínu. Því miður er ekkert í umræddum frumvarpsdrögum til þess fallið að stemma stigu við þessari óheillaþróun. Það eina sem kemst næst því er tillaga í 18. gr. um að hægt verði að kveða á um tímabundna frestun á greiðslubyrði í eitt ár en þó þannig að sá hluti vaxta sem ekki greiðist bætist í staðinn við höfuðstól láns, sem er sami ókostur og verðtryggð lán hafa. Þó að þetta kunni að nýtast í einhverjum tilfellum til að bregðast við greiðsluvanda er hætt við að það dugi ekki til því mikil óvissa er um hvenær vextir geti lækkað aftur svo að um það muni. Svo að það markmið náist að umsækjandi neyðist ekki til að skipta yfir í verðtryggt lán gæti tímabilið þurft að vera lengra og er því hvatt til þess að við endanlega útfærslu frumvarpsins verði hugað að því. Til dæmis þannig að þetta tímabil geti verið allt að því jafn langt og sjálft greiðsluaðlögunartímabilið.

Hagsmunasamtök heimilanna ítreka að lokum eins og var lögð áhersla á í upphafi þessa erindis, að í framhaldi af þeim breytingum sem lagðar eru til í umræddum frumvarpsdrögum skuli þeim fylgt eftir með frekara endurmati og úrbótum eftir því sem tilefni gefst til. Jafnframt verði hugað að því að taka ýmsa aðra löggjöf á tengdum sviðum til endurskoðunar með hliðsjón af fenginni reynslu í því skyni að ná utan um málefni skuldara í greiðsluferfiðleikum með enn heildstæðari hætti. Til dæmis lög um gjaldþrotaskipti, lög um fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta, lög um innheimtu meðlaga, lög um Menntasjóð námsmanna o.fl. Í því sambandi er vísað til umsagnar samtakanna um áform um þær breytingar á lögum um greiðsluaðlögun sem hér um ræðir og hvatt til þess að þau sjónarmið sem þar voru reifuð verði höfð til hliðsjónar.¹

- 0 -

Virðingarfyllst,

f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,



Guðmundur Ásgeirsson, varaformadur@heimilin.is

¹ Sjá umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um mál nr. S-113/2023 í samráðsgátt stjórnvalda - breytingar á lögum um greiðsluaðlögun (áform um lagasetningu).



10. júlí 2023

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um mál nr. S-113/2023 í samráðsgátt stjórnvalda

Breytingar á lögum um greiðsluáðlögun einstaklinga

Hagsmunasamtök heimilanna fagna fyrirhugaðri endurskoðun laga um greiðsluáðlögun einstaklinga, nr. 101/2010 (lge.). Umrædd lög voru sett í kjölfar bankahrunsins 2008 með því yfirlýsta markmiði að leysa úr greiðsluerfiðleikum og skuldavanda sem fjöldi einstaklinga og heimila lenti í vegna afleiðinga þess. Samhliða þeim var komið á fót embætti Umboðsmanns skuldara (UMS) sem var falið að veita atbeina til umleitana um samninga um greiðsluáðlögun á grundvelli laganna. Þrátt fyrir þessi háleitu markmið er ljóst að þessi lög reyndust hvergi nærri nógu vel til að leysa vanda allra þeirra sem þurftu á því að halda á sínum tíma og er því löngu orðið tímabært að taka þau til endurskoðunar.

Frá gildistöku lge. hefur fengist talsverð reynsla af framkvæmd laganna, bæði jákvæð og neikvæð eftir atvikum. Fyrst um sinn var gríðarleg ásókn í greiðsluáðlögun vegna þeirrar örvæntingar sem þúsundir heimila stóðu þá frammi fyrir sem leiddi til mikils álags á starfsfólk UMS og þá aðila sem var falið hlutverk umsjónarmanna með greiðsluáðlögun, sem í mörgum tilvikum voru ekki starfsmenn UMS heldur utanaðkomandi lögmenn sem voru fengnir til þess að taka slík verkefni að sér. Eftir það hefur í árána rás dregið smám saman úr ásókn í úrræðið og á allra síðustu árum hafa umsóknir um aðstoð UMS verið mun færri en í fyrstu og jafnan vegna eðlisólíkra erfiðleika. Til dæmis hefur umsækjendum með húsnæðislán fækkað mikið og á síðustu árum hafa flestir þeirra verið á leigumarkaði.

Hér á eftir verða rakin ýmis sjónarmið sem Hagsmunasamtök heimilanna (HH) vilja leggja áherslu á í tengslum við endurskoðun ofangreindra laga. Eðli máls samkvæmt getur sú umfjöllun þó ekki orðið tæmandi á þessu stigi og HH áskilja sér því allan rétt til að gera frekari athugasemdir við fyrirhuguð frumvarpsdrög eftir því sem efni þeirra og útfærsla kann að gefa tilefni til á síðari stigum.

Helstu efnisatriði eftirfarandi umfjöllunar:

1. Búsetu- og lögheimilisskilyrði
2. Kröfur utan greiðsluáðlögunar
3. Synjunar- og niðurfellingarástæður
4. Sala fasteigna umsækjenda
5. Frestun greiðslna og meðferð krafna
6. Réttindagæsla fyrir umsækjendur
7. Eftirfylgni og afdrif umsækjenda

1. Búsetu- og lögheimilisskilyrði

Samkvæmt 4. mgr. 2. gr. lge. geta þeir einir leitað greiðsluaðlögunar samkvæmt lögnum sem eiga lögheimili og eru búsettir á Íslandi. Eftir bankahrunið var algengt að einstaklingar sem lentu í vanda, svo sem vegna atvinnuleysis, flyttu af landi brott og þá gjarnan til hinna Norðurlandanna, til að leita sér að vinnu og reyna að hefja nýtt líf. Sumir þeirra sem það gerðu hafa þó engu að síður mátt sitja undir innheimtuaðgerðum eftir að hafa misst heimili sín og allar eigur á Íslandi, því þá hafa kröfuhafar leitað til erlendra innheimtuaðila í viðkomandi löndum og falið þeim að innheimta (meintar) kröfur á hendur þeim einstaklingum. Þessir einstaklingar hafa þá stundum reynt að leita greiðsluaðlögunar til að leysa úr þeim skuldavanda sem þannig elti þá til hins nýja heimalands eins og gamall draugur, en án undantekninga verið synjað um greiðsluaðlögun á grundvelli fyrrnefndrar 4. mgr. 2. gr. lge. Þannig hafa viðkomandi einstaklingar ekki setið við sama borð og einstaklingar búsettir á Íslandi og fyrir vikið lent í lakari stöðu en ella. Að mati HH felur þetta í sér mismunun á grundvelli búsetu, sem vandséð er að samræmist reglum EES-samningsins um frjálst flæði fólks og bann við slíkri mismunun.

Vegna þess sem að framan hefur verið rakið fagna HH því að umrætt búsetu- og lögheimilisskilyrði sé meðal þeirra atriða sem falli undir fyrirhugaða endurskoðun og leggja til að það verði einfaldlega afnumið með því að fella brott 4. mgr. 2. gr. lge. Eða a.m.k. verði ákvæðinu breytt þannig að hægt verði að koma á greiðsluaðlögun, þó svo að umsækjandi hafi flutt til annars lands, ef sýnt þykir að greiðsluerfiðleika hans megi rekja til atvika sem hafi orðið hér á landi fyrir flutninginn. Af þessu tilefni vilja HH benda á að sambærilegt skilyrði um lögheimili á Íslandi kemur fram í 1. mgr. 4. gr. laga um gjaldþrotaskipti, nr. 21/1991, en það hefur komið í veg fyrir að einstaklingar sem hafa flutt til annara landa hafi getað leitað gjaldþrotaskipta eða nauðasamninga vegna atvika sem hafa orðið hér á landi. Þó það falli e.t.v. utan þeirrar endurskoðunar sem hér um ræðir telja HH ástæðu til að hugað verði að þessu í samráði við dómsmálaráðuneytið, einkum vegna tengsla við úrræði UMS á grundvelli laga um fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta, nr. 9/2014.

2. Kröfur utan greiðsluaðlögunar

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. lge. standa vissar kröfur utan greiðsluaðlögunar, þar á meðal kröfur vegna námslána og skulda við opinbera aðila vegna meðlags. Þegar einstaklingar hafa leitað til HH vegna greiðsluerfiðleika í tengslum við skuldir af einkaréttarlegum toga, svo sem vegna húsnæðislána og neytendalána, er algengt að þeir standi einnig frammi fyrir óviðráðanlegum skuldum vegna námslána og meðlagsskulda, enda er augljóst að þegar erfitt er að standa í skilum skiptir engu máli hvers konar skuldir er þá um að ræða. Þess vegna eru HH fylgjandi því að kröfur vegna ábyrgðarskuldbindinga á námslánum falli innan greiðsluaðlögunar eins og er áformað við umrædda endurskoðun. HH vilja leggja til að gengið verði lengra og séð til þess að allar kröfur vegna námslána og meðlagsskuldir við opinbera aðila geti fallið undir greiðsluaðlögun til þess að auka líkurnar á því að það markmið náist að leysa greiðsluerfiðleika umsækjenda um greiðsluaðlögun. Í því sambandi má benda á að í lögum um innheimtu meðlaga o.fl., nr. 54/1971, sbr. lög nr. 45/2023, og reglugerð á grundvelli þeirra laga er að finna ýmis ákvæði sem heimila ívilnanir og jafnvel niðurfellingu skulda vegna fjárhagslegra erfiðleika. Þessi úrræði mætti samræma við greiðsluaðlögun með því að fella slíkar skuldir þar undir eða kveða á um samstarf á milli UMS og aðila sem hafa með höndum innheimtu þeirra til að ná fram heildstæðri úrlausn. Þó það falli e.t.v. utan þeirrar endurskoðunar sem hér um ræðir vilja HH jafnframt ítreka þá kröfu sína að fella skuli brott undanþágu námslána frá fyrningaráhrifum gjaldþrotaskipta samkvæmt 26. gr. laga um Menntasjóð námsmanna, nr. 60/2020. Huga mætti að þessu í samráði við háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið í tengslum við yfirstandandi endurskoðun þeirra laga.

3. Synjunar- og niðurfellingarástæður

Meðal þess sem HH hafa gagnrýnt er að í 6. gr. lge. eru taldar upp í 12 liðum ýmsar ástæður til að *synja* um heimild til greiðsluaðlögunar, en hvergi í lögnum er fjallað á svipaðan hátt um ástæður til að *samþykkja* heimild til greiðsluaðlögunar. Þessar synjunarástæður eru víðtækar og margar þeirra opnar fyrir túlkun, sem hefur leitt til þess að þeim hefur stundum verið beitt með ósanngjörnum hætti fyrir umsækjendur. Sem dæmi má nefna að umsækjandi hafi hagað fjármálum sínum á verulega ámælisverðan hátt eða tekið fjárhagslega áhættu sem ekki var í samræmi við fjárhagsstöðu hans. Það eitt að reyna að eignast húsnæði til að koma þaki yfir höfuð sér og fjölskyldu sinnar hér á landi hefur nánast alltaf haft í för með sér umtalsverða áhættu. Þegar aðstæður hafa breyst til hins verra vegna aðstæðna sem almenningur ber enga ábyrgð á, eins og til dæmis í kjölfar bankahrunsins, hafa svo iðulega komið fram viðhorf á þá leið að þeir sem lendi í vandanum geti sjálfum sér um kennt að hafa “lifað um efni fram” eða “reist sér hurðarás um öxl”. Því miður endurspeglast slík viðhorf í umræddri 6. gr. lge. En hver er í raun þess umkominn að leggja mat á það hvað sé óhófleg áhættutaka í landi þar sem öflun húsnæðis er næstum alltaf fjárhættuspil fyrir stóran hluta almennings?

Að standa frammi fyrir því að ráða ekki við skuldbindingar sínar og eiga það jafnvel á hættu að missa heimili sitt er mikið áfall fyrir fólk sem lendir í slíku. Að viðurkenna það fyrir sjálfum sér að ráða ekki við slíkan vanda og fyrir öðrum með því að sækjast eftir hjálp við að leysa úr stöðunni er afskaplega auðmýkjandi. Að þurfa svo að undirgangast ítarlega skoðun á einkahögum sínum og reyna að uppfylla ströng skilyrði til þess að geta fengið einhverja aðstoð getur jafnframt verið beinlínis niðurlægjandi lífsreynsla. Það er því ljóst að enginn gerir það af léttúð að sækja um úrræði eins og greiðsluaðlögun með öllum þeim áhrifum sem því fylgir. Þess vegna leggja HH til að 6. gr. verði breytt þannig að heiti ákvæðisins verði “Samþykkt heimildar til greiðsluaðlögunar” og meginreglan verði sú að samþykkja skuli umsókn um greiðsluaðlögun. Aftur á móti þurfi mikið að koma til svo umsókn verði *synjað* og að ástæður til þess verði skilgreindar sem undantekningar, svo þær beri sem slíkar að túlka þröngt.

Að sama skapi eru í 12. gr. lge. taldar upp ýmsar skyldur sem umsækjandi skal undirgangast á meðan leitað er greiðsluaðlögunar. Þar á meðal að leggja til hliðar af launum og öðrum tekjum sínum það fé sem er umfram það sem hann þarf til að sjá sér og fjölskyldu sinni farborða og segja upp samningum um útgjöld í framtíðinni sem ekki tengjast vöru og þjónustu sem er nauðsynleg honum eða heimili hans til lífsviðurværis eða eðlilegs heimilishalds. Bregðist umsækjandi þessum skyldum er hægt að fella niður greiðsluaðlögunarumleitani hans. Þessi ákvæði eru einnig opin fyrir túlkun og eru dæmi um að í framkvæmd hafi þeim verið beitt með íþyngjandi og jafnvel niðurlægjandi hætti. Sem dæmi má nefna að umleitani hafi verið felldar niður af léttvægum ástæðum á borð við að umsækjandi hafi keypt áskrift að teiknimyndasögum fyrir börnin sín. HH leggja til að þessi skilyrði verði skilgreind mun betur þannig að þau verði ekki til að þrengja um of að möguleikum umsækjanda og fjölskyldu hans til að lifa einhverskonar eðlilegu lífi og að allan vafa þar að lútandi skuli túlka honum í vil.

4. Sala fasteigna umsækjenda

Samkvæmt 13. gr. lge. getur umsýjarnamaður ákveðið að selja skuli þær eignir skuldara sem hann telur af sanngirni og með hliðsjón af greiðslugetu og fjölskylduaðstæðum að skuldari geti verið án. Þetta ákvæði er opið fyrir túlkun og dæmi eru um að því hafi verið beitt á íþyngjandi og niðurlægjandi hátt, svo sem með því að fyrirskipa umsækjanda að losa sig við gæludýr. Samkvæmt upplýsingum frá UMS voru 422 fasteignir umsækjenda um greiðsluaðlögun seldar á þessum grundvelli á tímabilinu frá 2010 til 2017. HH telja það ekki vera neina lausn á vanda fólks að gera því að selja heimili sitt.

Að undanförunu hafa verðbólga og vextir tekið miklum hækkunum á stuttu tímabili, með tilheyrandi áhrifum á húsnæðiskostnað heimilanna, hvort sem um er að ræða leiguhúsnæði eða eigin húsnæði sem er fjármagnað með húsnæðislánum. Þessar hækkanir eru nú þegar byrjaðar að þrengja talsvert að fjárhagsstöðu margra heimila og ljóst er að þeim mun fara fjölgandi á næstunni þegar vextir losna á lánum þeirra sem náðu að semja um að festa þá tímabundið áður en vaxtahækkanir hófust á nýjum lánum og lánum með breytilegum vöxtum. Þannig munu mörg þúsund heimili að óbreyttu standa frammi fyrir stökkbreytingum á greiðslubyrði á næstu misserum. Það sem er þó ólíkt því ástandi sem skapaðist í kjölfar bankahrunsins þegar þúsundir heimila misstu húsnæði sitt er að núna er mikill skortur á húsnæði hér á landi og má segja sem svo að það sé nú þegar nánast allt uppselt. HH hafa miklar áhyggjur af því að ef fram heldur sem horfir geti komið upp sú staða að þau sem ekki ráði við stökkbreytta greiðslubyrði og gætu misst húsnæði sitt myndu raunverulega hafa í engin önnur hús að venda. Þess vegna er lagt til að við 13. gr. lge. verði bætt áskilnaði um að forðast skuli eins og frekast er kostur að knýja umsækjanda um greiðsluaðlögun til að selja húsnæði sitt, nema ef hægt er að sýna fram á að hann geti keypt ódýrara en viðunandi húsnæði í staðinn og leyst þannig úr vandanum.

5. Frestun greiðslna og meðferð krafna

Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. lge. hefst tímabundin frestun greiðslna þegar UMS hefur samþykkt umsókn um greiðsluaðlögun en samkvæmt 2. mgr. falla þó vextir á skuldir á meðan frestun stendur en þeir eru þó ekki gjaldkræfir. Lengi vel túlkuðu sumir kröfuhafar þetta þannig að þeir gætu engu að síður krafist dráttarvaxta fyrir það tímabil sem frestun greiðslna stóð yfir, en það var ekki fyrr en með dómi Hæstaréttar Íslands 8. mars 2018 í máli nr. 159/2017 sem allur vafi var tekinn af um að það væri ekki heimilt heldur mætti aðeins krefjast samningsvaxta. Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. lge. á greiðsluaðlögun jafnframt að leiða til brottfalls skulda sem hefðu orðið eftirstæðar við gjaldprotaskipti, en þar á meðal eru vextir, verðbætur o.fl. Allur gangur virðist hafa verið á því hvort gætt sé að þessu en sýnishorn af samningum um greiðsluaðlögun sem borist hafa HH benda til þess að svo hafi ekki alltaf verið. Þá eru fjölmörg dæmi um að einstaklingar sem hafi verið lengi í greiðsluaðlögunarferli en að lokum verið synjað eða samningar ekki náðst, hafi þá setið uppi með mun hærri skuldastöðu en þegar þeir sóttu um úrræðið vegna uppsafnaðra vaxta og þannig hafi vandi þeirra aðeins versnað fyrir vikið.

Að mati HH er engum greiði gerður með því að kveða á um frestun greiðslna á meðan umleitanir um greiðsluaðlögun standa yfir sem leiði svo til þess eins að vextir hlaðist upp og hækki þær skuldir sem voru þá þegar orðnar óviðráðanlegar og þess valdandi að skuldarinn þurfti að leita greiðsluaðlögunar. Er því lagt til að umræddum ákvæðum verði breytt og í stað frestunar á greiðslum verði kveðið á um algjöra frýstingu skulda á meðan leitað er greiðsluaðlögunar og allt þar til því ferli er lokið, hvort sem það leiðir til samnings um greiðsluaðlögun eða ekki. Með því er átt við að á meðan verið sé að vinna úr umsókn um greiðsluaðlögun falli hvorki vextir né verðbætur á skuldir umsækjanda.

6. Réttindagæsla fyrir umsækjendur

Meðal þess sem HH hafa gagnrýnt við greiðsluaðlögunarúrræðið er að hvergi í ferlinu er gætt að því hvort þær kröfur sem umsækjendur eru krafðir um að greiða séu á lögmætum grunni reistar. Þetta átti ekki síst við í kjölfar bankahrunsins þegar smám saman kom í ljós að umtalsverður hluti lána sem fjármálafyrirtæki höfðu veitt voru með ólöglegum skilmálum og uppreiknuð staða skulda var í þeim tilvikum mun hærri en ef farið hefði verið að lögum. Þetta getur einnig átt við þegar ekki hefur verið gætt að reglum um fyrningu, svo sem vegna vaxta sem hafa mun styttri fyrningartíma en höfuðstóll kröfu vegna peningaláns. Fyrir vikið enduðu mörg slík álitamál á borði HH í stað UMS.

Að mati HH hefur greiðsluaðlögun því miður ekki reynst vera sú töfralausn á skuldavanda sem var gefið í skyn af hálfu stjórnvalda að úrræði myndi verða þegar það var kynnt í upphafi. Það skýrist að nokkru leyti af því að hvergi í löggjöfinni var gert ráð fyrir greiningu á lögmæti þeirra krafna sem kröfuhafar myndu lýsa á hendur umsækjendum. Jafnframt var embættinu sem var komið á fót til að fara með framkvæmd úrræðisins valin nafngift sem er beinlínis villandi, þ.e. *Umboðsmaður* skuldara. Samkvæmt skilgreiningu hugtaksins er *umboðsmaður* einhver sem tekur að sér að vera staðgengill umbjóðanda síns og gæta hagsmuna hans og réttinda til hins ítrasta, svo sem fyrir dómstólum eða í samningaviðræðum og samningagerð við gagnaðila umbjóðandans. Þessi skilgreining lýsir alls ekki vel hlutverki UMS eins og það hefur verið framkvæmt af hálfu embættisins. Þess í stað hefur það starfað eins og milligönguðili á milli skuldara og kröfuhafa sem einbeitir sér að því að leggja mat á hversu mikið sé hægt láta umsækjendur greiða og ganga svo frá samningum við kröfuhafa þar að lútandi, sem á mun meira sameiginlegt með nauðasamningum en gæslu hagsmuna og réttinda. Til að bæta úr þessu þyrfti að fela UMS viðeigandi valdheimildir til réttindagæslu í þágu umsækjenda.

7. Eftirfylgni og afdrif umsækjenda

Að fenginni nokkurri reynslu af framkvæmd greiðsluaðlögunarmála virðist skorta talsvert á eftirfylgni með málefnum umsækjenda eftir að umsóknir þeirra hafa fengið afgreiðslu. Sem dæmi um slík mál sem hafa komið á borð Hagsmunasamtaka heimilanna má nefna tilvik þar sem í samningi var kveðið á um niðurfellingu hluta veðskulda að samningstímabili loknu þegar samningur um greiðsluaðlögun hafði verið efndur að fullu, en viðkomandi vissi ekki hvert ætti að snúa sér og rakst á ýmsar hindranir í því ferli þangað til tókst að ryðja þeim úr vegi með aðstoð samtakanna. Einnig má nefna tilvik þar sem einn af kröfuhöfum samningshafa virti greiðsluaðlögunarsamning að vettugi og innheimti kröfur sínar að fullu þrátt fyrir að stærstur hluti þeirra hefði átt að falla niður þegar samningur hafði verið efndur. Þá eru dæmi um að ábyrgðarmönnum hafi ekki verið gert kunnugt um réttarstöðu sína þegar skuldari sem þeir hafa verið í ábyrgð fyrir hefur gert samning um greiðsluaðlögun. Þessu þarf að bæta úr með því að fela UMS að fylgja eftir framkvæmd samninga ásamt viðeigandi valdheimildum svo hægt sé að tryggja að sú framkvæmd nái fram að ganga með sem farsælustum hætti.


Verstu dæmin eru þó þegar umsækjendum hefur eftir langt ferli verið synjað um greiðsluaðlögun og staðið eftir með skuldir sem gerðu ekkert nema hækka á meðan vegna áfallandi vaxta og verðbóta, þannig að vandi þeirra hefur aðeins vaxið og orðið óleysanlegur. Sumir í þeirri stöðu hafa jafnvel ekki getað lagt fram tryggingu fyrir skiptakostnaði og verið synjað um fjárhagsaðstoð til greiðslu hennar af hálfu UMS. Lögum þar að lútandi þarf að breyta þannig að hver sá sem hefur ekki burði til að leggja fram tryggingu vegna skiptakostnaðar teljist sjálfkrafa eiga rétt á styrk til greiðslu hennar.

Lokaorð

Eins og fyrr segir er framangreind umfjöllun alls ekki tæmandi á þessu stigi og HH áskilja sér rétt til að gera nánari athugasemdir við fyrirhuguð frumvarpsdrög þegar þau verða birt í samráðsgátt.

- 0 -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,



Guðmundur Ásgeirsson, varaformadur@heimilin.is